

Mál nr. 409/2021

**M og
V v/ réttaraðstoðartryggingarliðs fjölskyldutryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna fyrirhugaðs dómsmáls vegna galla í bifreið.

Gögn.

Málskot, móttækið 8.11.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 16.11.2021.

Málsatvik.

M keypti bifreið sem hafði verið flutt til landsins notuð frá Bandaríkjunum. Eftir kaupin kom í ljós að bifreiðin var haldin ýmsum göllum sem mun hafa leitt til þess að ábyrgð framleiðanda eða söluaðila í Bandaríkjunum hafði fallið niður. Kveður M að sá er seldi honum bifreiðina hafi keypt bifreiðina án slíkrar ábyrgðar og leynt því þegar hann seldi M bifreiðina. Hyggst M höfða dómsmál á hendur seljandanum til riftunar kaupnum og/eða til heimtu skaðabóta úr hendi seljandans.

M hefur í gildi fjölskyldutryggingu hjá V sem felur í sér réttaraðstoðartryggingu. Hefur M krafist þess að hann njóti verndar samkvæmt réttaraðstoðartryggingunni í fyrirhuguðu dómsmáli á hendur seljandanum. V hefur hafnað því með vísan til undanþáguákvæðis í skilmálum vátryggingarinnar þar sem fram kemur að vátryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varðar vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda m.a. vélknúins farartækis

Álit.

Samkvæmt skilmálum réttaraðstoðartryggingar þeirrar sem hér á í hlut greiðir vátryggingin málskostnað vegna ágreinings í einkamáli, sem tekur til ágreinings sem snertir vátryggðan, sem einstakling, og sem kemur til úrlausnar héraðsdóms hér á landi. Þá er að finna í skilmálunum ákvæði þar sem talin eru upp atvik í ellefu staflaðum sem vátryggingin tekur ekki til. Þar segir m.a. að vátryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varðar vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis, hjólhýsis eða annars tengivagns, loftfars, skips, gufubáts, vélbáts eða seglskútu.

Þótt um riftunar og/eða skaðabótamál sé að ræða sem M hyggst höfða á hendur seljanda bifreiðarinnar verður ekki fram hjá því litið að M mun höfða dómsmálið sem eigandi bifreiðarinnar og þannig varðar dómsmálið M sem eiganda umræddrar bifreiðar. Af því leiðir að vátryggingin tekur ekki til hins fyrirhugaða dómsmáls. M þá því ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 7. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.